

Alþingi
Erindi nr. P 130/ 2589
Komudagur 11.06.2004

8. júní 2004

Sendandi:
Sigríður Hrönn Sigurðardóttir
Aflagranda 1
107 Reykjavík

Til nefndasvips Alþingis
vegna frumvarps til laga um bann við umskurði kvenna
130. löggjafarþing 2003-2004
Pskj. 201- 198. mál
Flm: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman

Ég hef engar athugasemdir við framkomid frumvarp og styð það heilshugar.

Þó leyfi ég mér að benda á umfjöllun í greinargerð þar sem vísað er til atburðarins sem einvörðungu samfélagslegs eðlis og ekki vera trúarlega athöfn. Ljóst er að þessi athöfn hefur verið innfærð í samfélög sem mótuð eru trúarlega á allan hátt og að umskurðurinn fær því trúarlega merkingu einnig, eins og flestir þættir lífsins. Sá hugsunarháttur Vesturlanda að aðgreina hið félagslega frá iðkun trúarinnar er framandi víðast hvar annars staðar í heiminum.

Engu að síður er um ofbeldi og afskræmingu að ræða sem ekki má samþykkja, hvorki á trúarlegum eða félagslegum forsendum. Trúarlegur og samfélagslegur þrýstingur fólks sem á uppruna sinn í öðrum heimsálfum, en býr hér á landi, er mikill. Því þarf að koma á lögum sem banna umskurð kvenna með öllu og gera það refsivert að taka þátt í, eða stuðla að því að hann verði framkvæmdur af fólki sem hér býr.

Viðringarfyllst,

Sigríður Hrönn Sigurðardóttir